

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Brákarborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:.....	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Innra mat í leikskólum	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Dvergheima um starfið síðasta skólaár	6
2.1.1 Innra mat Dvergheima.....	7
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfheima um starfið síðasta skólaár	10
2.2.1 Innra mat Álfheima.....	10
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Jötunheima um starfið síðasta skólaár.....	12
2.3.1 Innra mat Jötunheima	13
3 Ytra mat.....	15
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið síðasta skólaár	17
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	21
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
7 Foreldrasamvinna.....	23
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>).....	25
9 Skipulagsdagar.....	27
10 Fylgigögn.....	29
10.1 Skóladagatal Brákarborgar	29
10.2 Niðurstöður úr foreldrakönnun Dvergheima	29
10.3 Niðurstöður úr foreldrakönnun Álfheima	29
10.4 Niðurstöður úr foreldrakönnun Jötunheima	29
10.5 Niðurstöður starfsmannakönnunar.....	29
10.6 Læsisstefna Brákarborgar.....	29
10.7 Umsögn foreldraráðs.....	29

Starfsáætlanir leikskóla



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til

afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári



Faglega hefur síðasta skólaárið verið nokkuð gott. Veikindi hafa hrjáð okkur enn einn veturinn en vel gekk að ráða inn í staðinn. Við fengum viðbót í leikskólakennarahópinn sem ávallt er jákvætt og þá ekki síst á þessum tímum þar sem stéttin er í verulegri útrýmingarhættu. Auk leikskólakennara fengum við til okkar danskennara og tónmenntakennara sem hafa vissulega lagt sitt inn í faglega starfið okkar og aukið þannig við fjölbreytni. Sérkennslan er þung

miðað við stærð skólans og fögnum við því enn frekar þeirri ákvörðun borgarstjórnar að fækka barngildum um 3% á þessu ári og svo 4% eftir tvö ár.

Eins og undanfarin ár þá er aðsókn í skólann mikil og sérstakt að ennþá eru óvenju mörg börn með forgang, sem til okkar sækja. Höfum við haft áhyggjur af þeirri þróun enda oftast en ekki óljóst hvað veldur.

Starfsmannaaðstaðan hjá okkur hefur alls ekki verið nógu góð. Er virkilega ábótavant að kennarar hafi aðstöðu til undirbúnings, samræðu- og fundarherbergi vegna samtala við foreldra, aðstöðu vegna sérkennslu og sérkennslustarfsmenn og aðstoðarskólastjóra. En nú stendur þó til að fara í aðgerðir og byggja við skólann til að bæta þessa aðstöðu.

Við gerðum breytingar á skipulagi skólans til þess að allir matmálstímar geti verið í salnum okkar af hreinlætisástæðum en einnig vegna þess að kennarar þurfa stöðugt að vera að stokka upp og breyta deildum til að koma matmálstímum fyrir þar. Flæði í matartímum með auknu sjálfstæði barnanna, betra og einfaldara samstarf við eldhús og skráningum barnanna á því hvernig þau borða var útgangspunkturinn í þessu verkefni.


Langholtsskóli er okkar samstarfsskóli en hann er að vinna að Erasmus verkefni með Noregi, Danmörku, Írlandi, Grikklandi og Króatíu um skólaskil. Við erum nú formlega komin í

samstarfsverkefni með Langholtsskóla og leikskólunum Langholti, Sunnuási og Vinagarði um betri skólaskil. Bindum við miklar væntingar við að þetta verkefni eigi eftir að auðvelda börnunum í hverfinu þau stóru skref að fara á milli skólastiga.

Sólrún Óskarsdóttir
Leikskólastjóri Brákarborgar



2 Innra mat í leikskólum



Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram leiðir til að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að.

Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.


2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Dvergheima um starfið síðasta skólaár



Eftir erfitt haust í starfsmannamálum komst ró og festa á þau um miðjan október og hefur verið hefur sama fasta starfsfólkið á deildinni síðan þá. Í september var deildarstjórinn t.d. eini starfsmaðurinn á deildinni sem hafði verið þar veturinn áður. Auk álags við aðlögun nýrra barna bættist við álag vegna starfsmannamála. Starfsfólk deildarinnar auk deildarstjóra sem er leikskólakennaramenntaður er einn kennari tónlistarkennari og eflingarstarfsmaður. Auk fastra starfsmanna á deildinni eru þrír kennarar sem sinna sérkennslu.

Á deildinni eru 15 börn, en þar til í lok janúar voru þau 16. Þau eru fædd 2014, 2015 og 2016. Þar sem þrír árangar eru á deildinni getur það verið flókið og stundum erfitt að skipuleggja starf barnanna svo það henti fyrir alla aldurshópa. Kennarar á deildinni þurfa því vera vakandi fyrir því að þroski barnanna á deildinni er misjafn og ekki er hægt að setja sömu

kröfur á yngstu börnin sem eru að hefja skólagönguna sína og þau elstu. Jafnframt þarf verkefnaval að vera fjölbreytt og henta öllum.



Á deildinni eru tvö börn sem eru eiga foreldra af erlendum uppruna. Stúlka sem á tælenska foreldra og drengur sem á danska móður og íslenskan föður. Mikil

sérkennsla er á deildinni. Ein stúlka er með down's heilkenni og er með sjö tíma stuðning á dag. Tvö börn eru með sterkan grun um einhverfu og eru á bið eftir endanlegri greiningu. Þau eru bæði með þriggja tíma stuðning á dag. Eitt barnaverndarmál var á deildinni fyrri hluta vetrar og vorum við í heilmiklu samstarfi við barnaverndarnefnd í tengslum við það.

2.1.1 Innra mat Dvergheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Áætlun yfir skólaár	Að gera ýtarlegt skipurit	Setja upp verkefni fyrir hvern mánuð	20. ágúst á skipulags- degi og verður endurmet ið í hverjum mánuði og lýkur í maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat á síðasta skólaári, samræður við starfsfólk og endurmeta hvern mánuð fyrir sig á deildarfundu m og stjórnendafu ndum	Fara yfir skipulag skólaársins, skoða hvað vantar og hverju er ofaukið – viðmiðið er að allir geti nýtt sér áætlunina og að hún henti að skipulagi vetrarins

Samverust undir	Fjölbreyttari og hnitmiðaðri samverustund með börnum sem bjóða upp á fleiri námstækifæri	Skipulag sýnilegt og skýrt uppsett þannig að hver sem er getur gengið í verkið	20. ágúst á skipulagsdegi og verður endurmetið í hverjum mánuði og lýkur í maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Endurmat framkvæmt á deildarfundum, þar sem allir leggja inn í umræðuna hvernig samverurnar ganga	Metið út frá því hvort börnin dragi lærdóm af samverustund og hvort færa þurfi börn á milli hópa, breyta hópum eða breyta efnisvali í hverri samverustund fyrir sig
Hópastarf	Fjölbreyttari og skipulagðari námstækifæri fyrir elstu börn deildarinnar	Skipulag sýnilegt og skýrt	Ágúst og lýkur í maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Metið á deildarfundum í hverjum mánuði Farið yfir skráningar úr kubbastarfi allra hópa	Metið út frá því hvort börnin öðlist lærdóm í kubbastundum, hafi nægan tíma til að þróast og bæta við sig. Samsetning hópa skoðuð sérstaklega. Skráningar úr kubbastarfi nýttar ástamt mætingu barna
Fataherbergi	Þjálfar markvisst sjálfshjálpi	Myndrænt skipulag	Ágúst 2018	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Rýna í hverjum mánuði í það hvernig gengur	Hafa börnin næg tækifæri til að klæða sig sjálf og ganga frá þegar þau koma inn úr útiveru Er fjöldi barna í fataherbergi þannig að allir fái sín notið
Upplýsingastreymi	Bæta upplýsingar til foreldra	Myndrænt skipulag	Ágúst 2018	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur skipulagið með öllum starfsmönnum deildarinnar	Rýna í hverjum mánuði í það hvernig gengur	Fá foreldrar nægilegar upplýsingar um það sem við gerum í leikskólanum eða erum við að gefa of mikið af upplýsingum

Foreldrakönnun var send út í byrjun maí til foreldra og má sjá niðurstöður í fylgiskjali 10.2.

Helstu niðurstöður hennar voru að allir voru ánægðir með leikskólann og deildarstjórn Dvergheima. Flestum finnst þeir fá nægar upplýsingar um daglegt starf og leik barna sinna, upplýsingar um ferðir og uppákomur. Einnig voru flestir sáttir við annað starfsfólk á deildinni, við fjölda foreldrasamtala og myndu mæla með leikskólanum við aðra. Sjá nánari niðurstöður í fylgiskjali.

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Álfheima um starfið síðasta skólaár



Börnunum var skipt í tvo hópa í hópastarfi sem höfðu fastan hópstjóra, í ágúst til októberloka. Við mannabreytingar á deildinni breytist skipulag, þá flökkuðu hópstjórar á milli hópa. Það sem hóparnir voru að gera skiptist á milli, kubbavinnu, hreyfingar, myndlistar og útináms.

Einu sinni í viku voru ferðir. Þá fóru börnin í ferðir út fyrir leikskólalóðina. Hópurinn fór mest í ferðir í nágrenni leikskólans. Í lok skólaársins fóru börnin í ferðir til að fræðast um heimilisföng sín og annarra.

Helstu áherslur í skólapróun voru að efla sjálfshjálp og sjálfsvitund einstaklingsins. Börnin lærðu að þekkja heimilisföng sín, nöfn og afmælisdaga. Þau sinntu ýmsum verkefnum s.s. borðþjónar, veðurfræðingar, mjólkurfernuskolarar, dýnumeistarar en með breyttum áherslum í hádegismat datt borðþjónn út og inn kom aðstoðarmaður kennarans í staðinn. Öll þessi hlutverk eru ætluð til þess að efla einstaklinginn.

2.2.1 Innra mat Álfheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Upplýsinga flæði	Skrifa á hverjum degi á töfluna í fataherbergi upplýsingar frá starfi dagsins	Deildarstjóri skrifar eftir hverja síðdegishressi ngu og aðrir	23. maí hefst verkið og á að haldast	Deildarstjóri og starfsmenn deildar þegar það á við	Taflan skoðuð daglega Farið yfir tölvupóstinn	Viðmiðið er að það komi upplýsingar á töflu til foreldra á hverjum degi og

	Fjölga fréttapóstum til foreldra	starfsmenn þegar deildarstjóri er ekki við	áfram		og skoðað hversu oft fréttir eru sendar til foreldra	að sendir séu amk. tveir tölvupóstar í hverjum mánuði
Hlutverkas kipting barna	Að hafa skiptingu hópsins á hlutverkum sýnilega	Búa til skráningarblað	Ágúst 2018 – Maí 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og gerir skráningarblað, starfsmenn deildarinnar sjá um það í samstarfi við deildarstjóra að skrá niður hlutverk	Endurmetið í desember 2018 og þá athugað hvort að það þurfi að gera breytingu á skráningu eða að breyta hlutverkum	Að skráning sé alltaf gerð á hlutverkum barnanna til að tryggja það að allir fái tækifæri til að taka að sér öll þau mismunandi hlutverk sem eru í boði
Skipulag fyrir verkefni hvers mánaðar	Heilsárs plan með möguleikum á aukaverkefnum	Setja upp grind að verkefnum fyrir hvern mánuð	Haust 2018 – Vor 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildar	Fara yfir skóladagatal og verkefni á deildarfundum og stjórnendafundum	Skoða að vori hvort að þurfi að bæta inn eða taka út verkefni út frá hverjum mánuði fyrir sig
Vettvangsferðir – útinám	Að gera áætlun um ferðir – skipuleggja hverja og eina	Setja upp skipulag fyrir skólaárið	Gera skipulagið 20. ágúst 2018 og endurmeta vor 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð á og setur upp skipulag ásamt starfsfólki deildar	Á deildarfundum farið yfir skipulag og skráningar yfirfarnar	Fara yfir það hvort ferðir hafi staðist, hvort að það þurfi að bæta við eða að taka út. Athugað hvað ferðirnar hafa skilið eftir námslega hjá börnum

Foreldrakönnun var send út í byrjun maí til foreldra og má sjá niðurstöður í fylgiskjali 10.3

Helstu niðurstöður hennar voru að allir voru ánægðir með leikskólann og deildarstjórnann.

Flestum finnst þeir fá nægar upplýsingar um daglegt starf og leik barna sinna, upplýsingar um ferðir og uppákomur. Einnig voru flestir sáttir við annað starfsfólk á deildinni, við fjölda foreldrasamtala og myndu mæla með leikskólanum við aðra. Sjá nánari niðurstöður í fylgiskjali.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Jötunheima um starfið síðasta skólaár



Nemendafjöldi skólaárið 2017-2018 í Jötunheimum var 21 barn. 10 börn fædd árið 2012 og 11 börn fædd 2013. Starfsmenn voru í upphafi skólaárs (ágúst 2017) tveir í fullu starfi, auk aðstoðar frá afleysingu þegar færi gafst. Mönnun var ekki nægjanleg í upphafi, því var oft vöntun á deildina. Samsetning nemenda var ágæt, enginn sérstakur stuðningur var við deildina, en hefði komið sér vel þar sem um mikla hegðunar- og félagsferfiðleika var að ræða hjá einum nemanda. Í lok fyrri annar voru starfsmenn deildarinnar þrír en þau fluttust í Jötunheima frá öðrum deildum, karlmannskennari og erlendum kennari sem starfað hafði í hálfu ári í skólanum. Sú breyting var til mikilla bóta og gott flæði var á milli starfsmanna og nemenda. Starfsmaður í atvinnubótavinnu byrjaði einnig á fyrri önn hún reyndist okkur vel, þarf reyndar mikið utanumhald og stýringu. Nafnlaus könnun var lögð fyrir alla foreldra deildarinnar, var svörun frá 21 einstakling. Sú könnun kom vel út, það sem við viljum bæta út frá henni er að skýra og sýna starfið okkar enn betur út á við. Sumum foreldrum fannst það ábótavant að vita ekki af ferðum með lengri fyrirvara, að okkar mati þurfum við að sýna foreldrum fram á að við erum fyrsta skólastigið og mikilvægt er fyrir börnin þeirra að mæta alltaf og á réttum tíma í leikskólann, með virðingu fyrir undantekningum um kúr heimavið af og til.

Starfsmenn deildarinnar eru sammála um að aukið skipulag komi til með að skila skýrara og betra starfi. Á næsta skólaári 2018-2019 er stefnan tekin á að setja skýrara vinnuplan fram, ákveða hvað gerist í hverjum mánuði, taka tillit til útináms, jafnvel festa á viku, t.d. gera andlitsmyndir, foreldrasamtöl, þríf á leikföngum og efnivið. Vanda val á verkefnum og taka sér ekki of mikið í fang. Okkur finnst sérstaklega þurfa að bæta skipulag og verklag í kringum sérstaka þemavinnu, útinám, kubbanám, samstarf leik- og grunnskóla, sjálfshjálp. Við höfum gert umbótaáætlun sem fylgir hér með.

2.3.1 Innra mat Jötunheima

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulag fyrir verkefni	Gera heilsárs skipulag fyrir skólaárið 2018- 2019	Setja fram verkefni fyrir hvern mánuð og hafa dagatal skólans og Langholtsskóla til hliðsjónar	Haut 2018 – vor 2019	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Fara yfir skóladagatal og verkefni á deildarfundu m og stjórnendafu ndum	Skoða að vori hvort að þurfi að bæta inn eða taka út verkefni út frá hverjum mánuði fyrir sig
Útinám	Skipulagt og sýnilegra útinám	Hafa skipulag um útinám með í skipulögðum verkefnum	Haut 2018 – vor 2019	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Gera skráningar í bók og myndaskráni ngar til að gera sýnilegra fyrir foreldra og fara yfir á deildarfundu m og safna nýjum hugmyndum á sameiginlegu m samfélagsmi ðlum	Fara yfir skráningar og skipulag og sjá hvort að það hafi gengið eftir sem lagt var upp með
Samstarf vegna elstu nemenda við vinaleikskó la	Nemendur verðandi 1. bekkjar kynnist þvert á skóla fyrir grunnskólagöng u	Setja saman skipulag með öðrum leikskólum og Langholtsskóla með það að markmiði að	Haut 2018 og endurmet ið að vori 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð og vinnur í samvinnu við hverfisleikskóla og Langholtsskóla	Endurmetið á deildarfundu m og á sameiginlegu m fundi allra skólanna	Börninn tengist börnum úr hinum skólunum Kennarar miðli á milli sín hugmyndum og upplýsingum

		hittast og gera eitthvað saman			vegna skólaskila	
Kubbanám	Að starfsfólk verði öruggt í að vinna með kubbana með börnunum þannig að börnin þróist áfram í námi sínu með þá	Taka 20 mínútur á starfsdag þar sem farið er í sýnikennslu með öllum starfsmönnum Setja saman lesefni um einingakubba fyrir starfsfólk	20. ágúst 2018 skipulagsdagur	Stjórnendateymi leikskólans		Að allir séu öruggir í að taka hóp í kubbastarf og hafi lesið sér til gagns úr því fræðiefni sem til er
Sjálfstæði í fataherbergi						

Foreldrakönnun var send út í byrjun maí til foreldra og má sjá niðurstöður í fylgiskjali 10.4

Helstu niðurstöður hennar voru að allir voru ánægðir með leikskólann og deildarstjóra Jötunheima og að börnin voru öll ánægð í leikskólanum. Öllum fannst þeir fá nægar upplýsingar um daglegt starf og leik barna sinna nema einn var óviss. Upplýsingar um ferðir og uppákomur er að sama skapi að allra mati gert góð skil nema í tilfelli eins foreldris. Allir voru ánægðir með annað starfsfólk deildarinnar en einn tók það fram að þrátt fyrir smá starfsmannaveltu hefði allt gengið mjög vel. Vegna fjölda foreldrasamtala voru allir sáttir nema einn skoðunarlaus og voru allir tilbúnir að mæla með leikskólanum við aðra. Sjá nánari niðurstöður í fylgiskjali.

3 Ytra mat



Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg sendir á hverju ári viðhorfskönnun til starfsfólks þar sem skoðaðir eru nokkrir þættir sem snúa að þáttum eins og líðan þeirra, stjórnunarhætti skólans, starfsumhverfis og áhuga. Allir fá könnunina senda í tölvupósti og er hún nafnlaus. Enginn er skyldugur til að taka þátt og er það tryggt að ekki sé hægt að rekja svör til ákveðinna einstaklinga, reynt er eftir fremsta megni að fá svörun sem flestra og helst allra.

Helstu niðurstöður

Því miður var svarhlutfall ekki nema 57,1% sem má að hluta til tengja við þá staðreynd að breytingar voru töluverðar á starfsmannahópnum stuttu áður en könnunin var lögð. Helstu niðurstöður eru þessar:

	2018	2017
Meðaltal allra þátta	4,15	4,22
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,33	4,26
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,44	4,47
Starfsánægja	4,38	4,20
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	3,96	4,10

Niðurstöður Brákarborgar eru á þá leið að bæting varð á flestum þáttum til batnaðar. Því miður þá var aukning á milli ára á því að fólk yrði vitni að fordómum, væri fyrir einelti eða áreitni af hálfu samstarfsfólks, sem kemur því miður ekki á óvart í ljósi þeirrar vinnu sem unnin var þetta skólaárið í samstarfi við Skóla- og frístundasvið og Líf og sál.

Vinnuaðstaða er ekki nægjanleg eins og fram hefur komið í þessum könnunum undanfarinn áratuginn í það minnsta. Vinnuálag er of mikið þó svo að það hafi dregið örlítið úr því á milli ára.

Allir þættir eru í sambærilegum takti við gagnaöflun þvert yfir Skóla- og frístundasvið.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota?	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Líðan starfsmanna	Bæta líðan starfsmanna í vinnunni og auka við samvinnu í húsi	Halda áfram samtölum við starfsmenn og vera reglulega með hópefli	Hefst í október og lýkur vorið 2019	Stjórnendateym i skólans	Starfsþróuna rsamtöl, kannanir og deildarfundir	Viðmiðið er minnka eins og mögulegt er áreitni og einelti frá samstarfsfólki
Starfsþróunarsamtöl	Eiga betra samtal við starfsfólkið	Með því að hafa tvö samtöl á skólaári	Fyrri samtalið á haustönn og seinna á vorönn	Skólastjóri	Farið yfir það að vori hvernig gekk að ná þessum samtölum	Gera könnun á meðal starfsfólks hvernig því líkar og hvort farið yfir það hvort samtölin hafi náðst
Starfsumhverfi	Bæta nýtingu á húsnæði og auka við samvinnu í leiðinni	Halda áfram með flæði í matartímum og útfæra það betur	Strax þegar aðlögun er lokið og metið á deildarfundum og teymisfundum stjórnenda	Stjórnendareym i	Fá hugmyndir frá öllum og setja upp flæði með þörfum allra deilda að leiðarljósi	Meta það á öllum skipulagsdögum um hvernig gengur en einnig að hver deild skoði skipulagið út frá sínum þörfum á deildarfundum
Draga úr álagi og afleysingum í eldhús	Fá inn Matartímann til að sjá um	Með því að ráða ekki inn nýjan matráð	Strax eftir sumarlokun eða um leið	Skólastjóri	Gerð könnun á teymisfundi	Viðmiðið er að minnka álag vegna

	eldhús skólans	heldur fá inn þjónustu sem leysir eldhúsið alfarið af hólmi	og matartíminn getur tekið við hjá okkur		stjórnenda um kosti og galla þess að fá inn Matartímann	eldhúss með úthýsingu og að álag á starfsmenn skólans minnki
--	----------------	---	--	--	---	--

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið síðasta skólaár



Við í leikskólanum Brákarborg höfum unnið eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun. Börn með sértæk frávík í þroska og grun um röskun á einhverfurófi er unnið eftir hugmyndafræði atferlisþjálfunar og villulaust nám. Við erum að vinna með TMT- með talmáli og í söng.

- **Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?**
Í vetur voru fimm börn í leikskólanum með stuðning, tvö í fyrsta flokki og þrjú í öðrum flokki. Fyrir áramót voru tveir

starfsmenn að sinna sérkennslu, eftir áramót eru fjórir starfsmenn í sérkennslu.

- **Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.**
Þegar grunur vaknar um frávík í þroska hafa starfsmenn deildar og sérkennslustjóri kortlagt vandann og metið hvernig best er að bregðast við eftir stöðu barns. Metið hvað er hægt að gera innan deildar til að auka möguleika barnsins til náms á deildinni, virkja hópstjóra, gera alla ábyrga á sinni aðkomu að barninu, gefa því tækifæri á að auka við sig þar sem það er statt í þroska með verkefnum við hæfi og hvatningu. Hópstjóri eða deildarstjóri og jafn vel sérkennslustjóri gerir námskrá með foreldrum og virkja þá með í að vera með verkefni við hæfi og leiða barnið áfram í þroska.
Séu frávík veruleg, eða barnið nær ekki auknum árangri við breyttar námsaðstæður og aukna aðkomu og/eða ástæða þykir til að gera þroskamat, eru fylltir út viðeigandi listar og óskað eftir aðkomu viðeigandi fagaðila frá þjónustumiðstöð.

Ef frávik eru virkilega áberandi og þörf á stuðningi strax vegna þroskastöðu eða hegðunar barns er ráðgjafi frá þjónustumiðstöð fenginn inn í málið til ráðgjafar og sótt um stuðning fyrir barnið.

- **Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu?**

Einstaklingsnámskrá barna með stuðning er unnin af þjálfra eftir listum eins og AEPS og VB-Map eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja með þeim listum. Þessar áætlanir eru svo unnar í samvinnu við foreldra á fundum þar sem tekið er tillit til óska foreldra um áherslur í þjálfun.

Einstaklingsáætlun annarra barna er unnin með foreldrum barna að hausti og endurmetin að vori.

Einstaklingsnámskráin er svo kynnt fyrir hópstjóra og öðru starfsfólki deildarinnar til að virkja alla í umhverfi barns til að örva það á því sviði sem sérstaklega þykir þörf á. Einnig eru gerðar breytingar innan deildarinnar eins og að færa barn til á milli hópa, minnka hópa í samveru til að stuðla að betra námsumhverfi.

- **Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.**

Foreldrum barna í 1. og 2. flokki er boðið í samtal með ráðgjafa frá þjónustumiðstöð, sérkennslustjóra og þjálfra 2-3x á önn, jafnvel oftari ef þörf þykir. Flóknustu verkefni kalla á meiri samvinnu og þá eru fundir á 4-6 vikna fresti.

Sérkennslustjóri hefur einnig setið fundi með foreldrum barna sem eru að glíma við hvers kyns vanda í þroska eða hegðun og veitt ráðgjöf og lagt mat á hvort vísa þurfi máli áfram.

- **Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir.**

Við eigum samstarf við yfirmann sálfræðideildar, ráðgjafa og félagsráðgjafa sem fylgja börnum í 1. og 2. flokki á þjónustumiðstöð sem koma á fundi hjá okkur og eru einnig í samstarfi þess á milli með ráðgjöf. Við höfum fengið hegðunarráðgjafa í tvígang í vetur til að aðstoða okkur í hegðunarmótun; annars vegar vegna á elstu deild og einnig vegna barns á miðdeild í samvinnu við foreldra. Fengum við góð ráð

og völdum okkur úrræði í samræmi við þann vanda sem við vorum að glíma við í hvort skiptið fyrir sig.

Einnig eigum við gott samstarf við Æfingastöðina; iðjuþjálfar og sjúkrþjálfar, og talmeinafræðinga þar sem við höfum fylgt barni á báða staðina á móti foreldrum.

Starfsmenn í sérkennslu og foreldrar hafa sótt sér fræðslu og námskeið á vegum GRR og einnig hjá Endurmenntun HÍ.

- **Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.**
Sérkennslustjórar voru að hittast í hverfinu síðasta vetur einu sinni í mánuði sem var ekki í vetur og ég sakna þess – mætti vera áfram.

Starfsmenn deilda og deildarstjórar hafa velt fyrir sér stöðu einstakra barna með sérkennslustjóra í leit að lausnum og úrbótum í námi barna og hvernig skal auka á æskilega hegðun barna. Sérkennslustjóri hefur setið deildarfundi og ráðlagt í málum einstakra barna og einnig fyrir hópinn sem heild.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Fundum með starfsfólki í sérkennslu	Hafa fundina alltaf fast 1x í mánuði	Festa fundartíma í dagatal	Júní 2018 og lýkur Júní 2019	Sérkennslustjóri og allir í sérkennslu taka þátt í að setja fundartíma	Endurmat í desember	Skráning í fundargerðir og skoðað hversu vel tókst að halda áætlun
Störf sérkennslustjóra	Að sérkennslustjóri taki ekki að sér einstaka þjálfun heldur hafi	Festa inn fundartíma sérkennslustjóra og aðlaga	Júní 2018 og lokið október 2018	Sérkennslustjóri í samvinnu með starfsmönnum sérkennslu og skólastjóra	Metið á fundum starfsmanna í sérkennslu	Að öll börn í húsi sem fá þjálfun á vegum sérkennslu

	frekar tækifæri til að leysa af starfsmenn sérkennslu	vinnutíma starfsmanna í sérkennslu til þeim vistunartíma sem börnin eru				séu með annan aðalþjálfva en sérkennslustjóra
Að starfsmenn í sérkennslu brúitíma barna í sérkennslu	Að starfsmenn í sersveit dreifist betur eftir deginum og nýtist þannig betur fyrir þau börn sem fá stuðning í námi	Með því að setja upp vaktir í sérkennslunn i líkt og gert er hjá öllum öðrum	Júní 2018 og lokið október 2018	Sérkennslustjóri og skólastjóri í samvinnu með þeim starfsmönnum sem eru í sérkennslu	Farið yfir vistunartíma barna, stundir til sérkennslu og vinnutíma starfsmanna	Að þau börn sem njóti sérkennslu fái hennar notið bæði fyrirhluta og seinni hluta dags eins mikið og hægt er, sérstaklega þau sem eru í 1. flokki
Kynna störf sérkennslunnar betur fyrir öllu starfsfólki skólans	Til þess að allir hafi það á hreinu hvert hlutverk sérkennslustarfs manna er og skilji betur þá samvinnu sem þarf að eiga sér stað	Kynning að hausti á skipulagsdegi	Ágúst 2018	Sérkennslustjóri , skólastjóri og starfsfólk í sérkennslu	Starfslýsingar sérkennslu, kröfur sem koma frá SFS og þjónustumiðstöð	Að allir starfsmenn verði vel upplýstir um störf sérkennslunnar og það leiði af sér betri samvinnu
Ung börn í sérkennslu fái	Tryggja það að þau börn sem njóta stuðning og sofa fái þjálfun fyrir hádegi	Setja upp skipulag með tilliti til þarfa allra barna í sérkennslu	Haut 2018	Sérkennslustjóri í samstarfi við skólastjóra	Tekið fyrir á fundum starfsmanna í sérkennslu	Farið yfir vistunartíma barna, stundir til sérkennslu og vinnutíma starfsmanna

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.



Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf?

Við fögnum fjölbreytileikanum og höldum upp á alþjóðlega fjölmenningardaginn með fjölmenningarviku. Öll börn og allir kennarar skólans eru þá hvattir til að koma með bækur, tónlist, sögur, fatnað, leikrit, dansa og mat til að kynna fyrir hinum í skólanum. Stundum höfum við fengið foreldra til liðs við okkur þar sem þeir, í samstarfi við eldhús, framreiðir mat sem tengist þeirra menningu. Við höfum hjá okkur börn sem eiga mjög ólíkar fjölskyldur og þannig getum við lært hvert af öðru og börnin fá fjölþættari möguleika til að læra á fjölbreytileikann og fjölmenninguna sem eykst stöðugt í íslensku samfélagi.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?

Markvisst er unnið með daglegan orðaforða hjá börnunum eins og fram kemur í læsisstefnu Brákarborgar, fylgiskjal 10.6. Unnið er sérstaklega með þau börn sem þurfa á því að halda, ásamt því að gefa tvítyngdum börnum sérstaklega tíma til að styrkja þau og efla í íslenskri tungu. Ef ástæða þykir til þá er unnið með börnin í litlum málörvunarhópum og því fylgt eftir með því að skoða framfarir hjá hverju og einu þeirra jafnt og þétt yfir skólaárið.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?

Öllum foreldrum er boðið á kynningarfund að vori eftir að hafa fengið boð og samþykkt um leikskólavist. Þá ræða skólastjórnendur sérstaklega við þá foreldra af erlendum uppruna og þeim boðið að fá inn túlk í upphafi skólagöngu barnsins, stundum kemur það fyrir að við höfum starfsmann sem talar tungumálið og reynum þá alltaf að nýta þann mannauð vel í upphafi og einnig í þessum daglegu samskiptum milli heimila og skóla. Ef á þarf að halda er fenginn túlkur varðandi öll samskipti er varðar barnið. Önnur upplýsingagjöf fer fram á íslensku.

Það fjármagn sem skólinn fær úthlutað vegna fjölmenningar er að mestu nýtt til að kaupa fræðslu eða námsefni sem nýtist nemendum skólans og kennurum sem best til að auka færni barnanna sem allra mest og best.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla



Starfsþróunarsamtöl eru á haustönn og vorönn eftir að foreldrasamtölum er lokið og tekur leikskólastjóri þau við alla starfsmenn. Starfsmenn fá þá blöð sér til undirbúnings og stuðnings inn í samtalið. Í samtalinu að vori fara leikskólastjóri og starfsmaður þá yfir þá þætti sem starfsmaður þarf að meta sig sjálfur í samstarfi við leikskólastjóra, báðir aðilar ræða um frammistöðu og rökin á bak við matið. Samtölin fara fram á skrifstofu leikskólastjóra eða í sérkennsluherbergi og taka um 45 mínútur. Eftir töluvert erfiða vetur síðastliðin tvö ár vegna veikinda og breytinga í starfsmannahópnum þá ákvað leikskólastjóri að nú væri lag að gera smá breytingar og eiga tvö samtöl við starfsmenn í stað þess að hafa eitt að vori eins

og áður hefur verið. Hafa þá styttra samtal að hausti, fyrir alla, ekki einungis nýja starfsmenn eins og áður hefur verið gert.

- Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)
- Áætlun um símenntun í leikskólanum (Áætlun um símenntun/fræðslu skal gera út frá áherslum úr umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum)
 - o Skyndihjálp, einingakubbar, útinám
- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

7 Foreldrasamvinna



Að hausti fer fram kosning á aðalfundi foreldra til setu í foreldraráði, samanstendur það af minnst þremur kjörnum fulltrúum. Markmiðið er að ná inn einum fulltrúa af hverri deild til að tryggja rödd allra. Tilgangurinn með foreldraráðinu er að gefa umsagnir til

leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Einnig hefur foreldraráð staðið fyrir skrifum vegna sérstakra mála sem koma skólanum við s.s. varðandi systkinaforganga og aðgengi að skólanum.

Foreldrafélag er jafnframt starfandi við leikskólann og í það er einnig kosið að hausti á aðalfundi foreldrafélagsins í september. Miðað er út frá því að tveir foreldrar séu í stjórn frá hverri deild og því aldrei færri en sex en geta þó verið fleiri ef áhugi foreldra er til staðar.

Markmiðið með þeim fundi er einnig að virkja foreldra til frekari þátttöku í skólastarfinu. Unnið er í umræðuhópum ýmist á deildum eða þvert á hópinn og farið yfir þætti í starfinu sem þykir mikilvægt að skoða nánar hverju sinni s.s. námskrá leikskólans, starfsáætlun og/eða leikskólastarfið almennt. Í lok maí er haldinn kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna til þess að kynna námskrá Brákarborgar og gefa upplýsingar um þátttökuaðlögunina sem við notum sem starfstæki í upphafi skólagöngu barna hjá okkur. Þá fá foreldrar upplýsingar um á hvaða deild barnið þeirra verður, hver verður deildarstjóri og hvaða starfsmenn verða á deildinni, ef það er unnt.

Samstarf við foreldra í Brákarborg er mjög gott og má jafnvel leiða að því líkum að það sé vegna þess hve skólinn er lítill og samskipti foreldra, kennara og skólastjóra mikil. Vegna þessa er samstarf við foreldra og tenging milli heimilis og skóla mjög góð. Foreldrahópurinn okkar samanstendur af einstaklingum sem eru boðnir og búnir að aðstoða okkur og taka þátt í öllu því sem við höfum óskað eftir. Starfsfólkið gerir allt sem

í þeirra valdi stendur til að gera þennan þátt leikskólastarfsins ánægjulegan fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

Formleg foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Í október eru samtölin notuð til samvinnu við foreldra til að gera einstaklingsnámskrár fyrir börnin. Annað samtal er svo í byrjun mars þar sem farið er yfir veturinn og þau skref sem þarf að taka í framhaldinu í samráði við foreldra. Við hvetjum foreldra til samræðna við okkur og erum ávallt reiðubúin til að setjast niður og fara yfir málin með þeim.

Eins og áður hefur komið fram þá hefur verið notast við þátttökuaðlögun frá haustinu 2011, með endurmati hefur hún tekið örlitlum breytingum en er það skoðun starfsmanna og foreldra að halda henni áfram. Þátttökuaðlögun er hópaðlögun og er markmiðið með henni að foreldrar séu virkir þátttakendur frá fyrsta degi og öðlist þannig öryggi með alla þætti skólastarfsins. Þá taka þeir þátt í því sem á sér stað í skólanum, sjá starfsfólkið við vinnu og kynnist því betur. Annar kostur er sá að foreldrar tengjast hver öðrum, sem getur leitt af sér öruggari samskipti foreldra og starfsmanna ásamt því að foreldrar kynnast frekar innbyrðis.

Fastir liðir í skipulagi skólans í samstarfi við foreldra

- Foreldrafundur í september
- Foreldrasamtöl 2x á ári
- Þrettándakaffi
- Gestadagur
- Tiltektardagur
- Sumarhátíð

8 Samstarf leik- og grunnskóla



Langholtsskóli er hverfisgrunnskólinn okkar og erum við í samstarfi með elsta árgang Brákarborgar, 1. bekk Langholtsskóla 6. bekk og 7. bekk Langholtsskóla. Nokkuð fast fyrirkomulag er orðið á þessu samstarfi en að hausti er fundað og gerð endanleg áætlun fyrir skólaárið. Þær upptökur sem árvissar

eru í samstarfinu eru:

- Langholtsskóli býður samstarfsskólum sínum á upptöku á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember ár hvert, þar sem samstarfsleikskólar koma hver með sitt atriði.
- Í aðventunni býður Langholtsskóli upp á leiksýningu.
- Á vorönn fara elstu börnin í Brákarborg í heimsókn í skólastofu 1. bekkjar með kennurum og taka þátt í tveimur kennslustundum.
- Við bjóðum til okkar nokkrum nemendum úr sjöunda bekk, sem taka þátt í stóru upplestrarkeppninni, til að lesa fyrir börnin.
- 1. bekk er boðið í heimsókn.
- Vorskóli verðandi nemenda með foreldrum þeirra.
- Samstarfsskólar Langholtsskóla hittast í Grasagarðinum, skreyta tré með heimatilbúnu skrauti og syngja saman.
- Leikjadagur í Langholtsskóla með samstarfsskólum hverfisins.
- Skólastjóri Langholtsskóla hittir verðandi nemendur.

Einnig hefur samstarf við frístund aukist jafnt og þétt og fara elstu börnin í nokkrar heimsóknir þangað yfir skólaárið. Hefur þessi þáttur nýst börnum mjög vel þar sem þau koma öruggari í frístund þegar þau byrja í skólanum. Við fáum leyfi frá foreldrum og bjóðum forstöðumanni Glaðheima að vera með á skilafundi með Langholtsskóla. Hefur mikil ánægja verið með þessa tilhögun meðal starfsmanna frístundar, kennara Langholtsskóla og kennara Brákarborgar.

Nýjungar í samstarfi skólanna er að Langholtsskóli hefur verið í Erasmus verkefni um skólaskil en á vorið 2018 bættust leikskólarnir Langholt, Sunnuás og Vinagarður inn í verkefnið.

Verkefnið miðar að því að skoða sérstaklega Hljóm-2, hvernig það er nýtt til að greina stöðuna og svo hvað það er sem vantar uppá hjá okkur til að koma börnunum betur undirbúnum frá okkur til grunnskólans. Í tengslum við þetta verkefni eru fundir hafðir til skiptis milli skóla og sá skóli sem fundinn heldur kynnrir starfið með börnunum. Þetta þéttir okkur fyrst og fremst sem skólasamfélag.

Hluti af þessu verkefni er að efla börnin og einnig að styrkja foreldra og kynna betur fyrir þeim það starf sem unnið er í leikskólunum og hvernig Langholtsskóli vinnur með yngstu nemendur sína. Eftir samtal skólanna var ákveðið að bæta einnig við fundi í janúar þar sem deildarstjórar á deild elstu barna samstarfsleikskólanna, foreldrar verðandi grunnskólabarna, kennarar 1. bekkjar og skólastjórar hittast og fá kynningu á skólastarfinu og hvers má vænta. Markmiðið með þessum fundi er að auka innsýn foreldranna og styðja við þá í þeim skrefum sem eftir eru fram að skólaskilum.



9 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar veturinn 2017-2018 voru eftirfarandi:

21. ágúst – Sameiginlegur með grunn- og leikskólum hverfisins

Stór hluta morguns var varið í að halda starfsmannafund þar sem farið var ítarlega yfir veturinn, áherslur skólans, foreldrasamtöl, foreldrafund og fleira í þeim dúr. Heilsueflandi Laugardalur kynntur betur fyrir starfsfólki, ásamt orðaforðalista Menntamálastofnunar. Hreinlæti, þrif og umgengni í húsi rædd og byrjað á endurvinnslu á aðgerðaráætlun.

Starfsmannasjóður og starfsmannahandbók rædd og ákveðið að fara í algerar endurbætur á þeim upplýsingum sem vert er að hafa í starfsmannahandbók.

Deildir fengu tíma til að vinna að skipulagi og undirbúningi vegna þeirra barna sem byrja þetta haustið. Einnig sérstaklega kynnt fyrir þau börn sem fá sérkennslu.

6. október – Starfs- og skipulagsdagur

Byrjað var á grunnvinnu vegna áhættumats og umræður teknar um mikilvægi þess að hafa hættur í okkar starfi á hreinu. Einnig var farið sérstaklega yfir þær hættur sem ná sérstaklega til barnanna, yfirferð á garði var því skoðuð sérstaklega í því samhengi ásamt slysaskráningum.

Farið var yfir umgengni í húsi og hver hlutverk starfsmanna eru bæði þau sem almenn eru, þ.e. leikskólakennarastarfið en einnig þau sérhlutverk sem hver og einn gegnir í húsi.

Verkefni deilda og foreldrasamtöl fengu sinn hluta af skipulagsdeginum.

Eftir hádegi fóru allir starfsmenn á Menntakviku Menntavísindasviðs Háskóla Íslands þar sem hópurinn skipti sér á milli málstofanna Málörvun yngri barna, Kennarinn við störf og Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi – sérkennsla og úrræði.

17. nóvember – Sameiginlegur með grunn- og leikskólum hverfisins

Kynning á Heilsueflandi Laugardal, Háaleiti og Bústaða kynnt eftir að Helga hafði komið með kynningu á leikskólastjórafund í hverfinu.

Skjalavarsla rædd og farið yfir nýjar reglur varðandi persónuvernd í þeim tilgangi að koma okkur hægt af stað í rétta átt.

Ýmis málefni deilda rædd.

Workplace kynnt fyrir starfsfólki.

Eftir hádegi kom Þórkatla Aðalsteins til okkar frá Líf og sál.

8. janúar – Starfs- og skipulagsdagur

Öryggismál skólans rædd og farið yfir þá vinnu sem öryggisnefnd er að fara í við gerð áhættumats.

Skjalavarsla – skjalaskápar, miðlun upplýsinga og persónuverndarlögin.

Sameiginlegur frágangur á jólas krauti, breytingar á kaffistofu og sérkennslu.

Starfsmannafundur, skipulag og deildarvinna.

Nýja VALAN – lítillega kynnt.

3. apríl – Sameiginlegur með grunn- og leikskólum hverfisins

Öryggisfulltrúi og öryggistrúnaðarmaður voru með kynningu á öryggi á vinnustaðnum. Allar deildir skráði inn í öryggisvísa og gerðu þannig grunngreiningu fyrir áhættumat Brákarborgar.

Flæði í matartíma – breyta salnum okkar í matsal.

Í tilefni af bláum apríl. Fræðsla EKKI hræðsla, vitundavakning frá deildarstjóra elstu deildar Arnrúnu Magnúsdóttur.

Deildarstjóri yngstu deildar, Bjarney Ásgeirsdóttir var með fræðslu um Tákn með tali.

25. maí – Stóri leikskóladagurinn (birt með fyrirvara, ekki var stóri leikskóladagurinn haldinn svo að í hans stað skipulögðum við heimsóknir í skóla)

Farið var að morgni til Hveragerðis og leikskólinn Undraland heimsóttur, fengum við það stórgóðar móttökur og góða kynningu á því faglega og góða starfi sem þar fer fram, en hann vinnur undir hugmyndafræði John Dewey.

Einnig fengum við kynningu á starfsemi leikskólans Jötunheima á Selfossi, en þar er lögð áhersla á frjálsa leikinn og nám barnanna í gegnum hann. Einnig er áherslan lögð á læsi, sköpun og heilbrigði. Jötunheimar er heilsueflandi skóli.

Námsleiðir þessara tveggja skóla eru í stórum takti við það hvernig við vinnum og var heimsókn í þessa skóla valin með það að leiðarljósi að taka til okkar það sem við getum bætt og miðla af okkur til þeirra ef áhugi er fyrir hendi.

Eftir að hafa fengið faglega og fræðandi kynningu á Jötunheimum fórum við í hádegismat. Fengum við svo lánaða fundaraðstöðu til að vinna úr þessum góðu heimsóknum áður en haldið var á Flúðir í sumarbústað með hópeflingu að leiðarljósi.

Skipulagsdagur vetrarins skipast sem hér segir:

- **20. ágúst 2018 – sameiginlegur með grunn-, og leikskólum hverfisins**
- **12. október 2018**
 - Menntakvika – Arnrún Magnúsdóttir með erindið „FRÆÐSLA EKKI HRÆÐSLA“
- **19. nóvember 2018 – sameiginlegur með grunn-, og leikskólum hverfisins**
 - Skyndihjálp í samvinnu með leikskólanum Steinahlíð
- **11. janúar 2019**
- **22. mars 2019 – sameiginlegur með grunn-, og leikskólum hverfisins**
- **20. maí 2019**

10 Fylgigögn

10.1 Skóladagatal Brákarborgar

Í skóladagatali eru allir þeir dagar sem fyrirfram eru skipulagðir í samráði við Skóla- og frístundasvið, leik- og grunnskóla hverfisins og þá daga sem við leggjum áherslu á. Vissulega koma upp hugmyndir að alls konar öðrum dögum og er með miðlað til foreldra í gegnum tölvupósta og aðrar auglýsingaleiðir.

10.2 Niðurstöður úr foreldrakönnun Dvergheima

Dvergheimar er deild yngstu barna leikskólans.

10.3 Niðurstöður úr foreldrakönnun Álfheima

Álfheimar er miðdeild leikskólans.

10.4 Niðurstöður úr foreldrakönnun Jötunheima

Jötunheimar er deild elstu barna leikskólans.

10.5 Niðurstöður starfsmannakönnunar

Reykjavíkurborg sendi út starfsmannakönnun og eru niðurstöður hennar í myndrænu formi í fylgiskjali.

10.6 Læsisstefna Brákarborgar

10.7 Umsögn foreldraráðs

Fyrir hönd leikskólans Brákarborgar

20. september 2018

Sólrun Óskarsdóttir

Leikskólastjóri

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal Brákarborgar 2018 - 2019

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L	1 M Foreldrasamtöl þessa viku	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýlisdagur	1 F Dagur stærðfræðinnar	1 F	1 M	1 M Venjulegsdagurinn	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F Prettándakaffi	4 M	4 M Bolludagur	4 F Gestadagur	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S	5 M	5 F
6 M Fridagur verðunamanna	6 F	6 L	6 Þ	6 F Ráfmagnslauss dagur	6 S Þrettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M Óskudagur	6 L	6 M	6 F	6 L
7 Þ	7 F	7 S	7 M Tónlistardagur	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 M	8 L Dagur læsis	8 M Foreldrasamtöl þessa viku	8 F Barátudagur gegn einelti	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M Útskriftarferð 2013 árg.	8 L	8 M
9 F Opnun eftir sumarlökun	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ Barnamenningarhátíð 9.-14. apríl	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M Annar í hálarasunu	10 M
11 L	11 Þ Slökkvilið árg. 2013	11 F	11 S	11 Þ	11 F Skipulagsdagur	11 M	11 M Foreldrasamtöl þessa viku	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F Skipulagsdagur	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F Jólalaball	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Þrímiasunnudagur	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S Konudagur	17 S	17 M	17 F	17 M Lýðveldisdagurinn	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F Þorablót / bóndadagur	18 M	18 M	18 F Foreldrasamtöl þessa viku	18 F Skírdagur	18 L	18 Þ Sumarhátíð þessa viku
19 S	19 M	19 F	19 M Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfi	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Fostudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfi	20 F	20 L	20 Þ Dagur mannréttinda barna	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M Skipulagsdagur	20 F	20 L
21 Þ Aðlögun nýrra barna	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F Alþjóðlegi dagur móðurmálsins	21 F	21 S Þáskadagur	21 Þ	21 F	21 S
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M Annar í páskaum	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F Útskrift 2013 árg.	23 S	23 Þ
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jóladagur	25 F Þorablót leikskólans	25 M	25 M	25 F Sumardagurinn hyski	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 F Bangsa- og náttfatadagur	26 M	26 M Annar í páskaum	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur	27 Þ	27 F	27 S	27 M Myndlistadagur	27 M	27 L	27 M Hjóladagur Dverga	27 F	27 L
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ Hjóladagur Álfa	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ		29 F	29 M	29 M Hjóladagur Jötna	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M		30 L	30 Þ	30 F Úppistgripardagur	30 S	30 Þ
31 F		31 M		31 M Gamlársdagur	31 F		31 S		31 F		31 M

Starfsáætlun 2018 - 2019

Leikskólinn Brákarborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Cecilie Cedét Gaihede

Hafdís Ósk Pétursdóttir

Kristín Klara Grétarsdóttir

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin á að vera aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Starfsáætlun leikskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur þá stefnu að ár hvert skulu leikskólar borgarinnar og sjálfstætt starfandi leikskólar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skila starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár, eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Leikskólasviðs og/eða Menntamálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Áætlunin virðist samræmast vel ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, s.s meginreglunni um jafnræði allra barna, viðmiðum um að hagsmunir barns skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi, virðingu fyrir sjónarmiðum barns, tjáningarfrelsi þeirra og einnig kröfum til menntunar.

Foreldraráð telur starfsáætlunina vera í takti við það góða og metnaðarfulla starf sem unnið er á Brákarborg og gefur glöggvitni um hversu fært og áhugasamt fólk starfar þar. Mikil áhersla er lögð á að fá álit foreldra, gera foreldra hluta af starfinu og mikið tillit er tekið til óska og hugmynda foreldra. Börnin eru ávallt í brennidepli og fá að segja sína skoðun og hafa áhrif á það sem fram fer. Ólíkum þörfum barna er ávallt mætt eftir fremsta megni og er starfsfólk einstaklega vakandi fyrir mögulegum sérþörfum barnanna hvort sem þær eru stærri eða smærri. Þá er einnig reynt að mæta hverju barni fyrir sig. Rauði þráðurinn í starfi leikskólans hefur verið umhverfismennt og eftir erfitt síðasta ár hefur starfið náð sér á strik. Þó er stöðugt unnið að aukningu og umbótum sem ber að fagna. Einingakubbar sem eru í stöðugri þróun frá fyrsta ári og svo gildi leikskólans sem eru agi, virðing og umhyggja sem fléttast inn í allt starf skólans.

Lóð leikskólans fékk örlitla yfirhalningu nýlega sem ber að fagna en betur má ef duga skal og við minnumst enn og aftur á að leikskólinn virðist sitja á hakanum miðað við aðra skóla í hverfinu hvað þetta varðar.

Foreldrar urðu að einhverju leyti varir við erfiðleika í samskiptum starfsfólks skólans undanfarið ár. Reynt var eftir fremsta megni að halda þessu innan starfsmannahópsins en reyndir foreldrar sem þekkja starfsfólkið vel fundu þó fyrir þessu. Það er okkar mat að vel hafi verið unnið úr erfiðleikunum og að andinn í skólanum sé mun betri í byrjun þessa skólaárs.

Starfsfólk leggur mikið uppúr því að eiga góð og árangursrík samskipti við foreldra og það er virðingarvert hversu vel allt starfsfólk þekkir foreldra, forráðamenn og aðra fjölskyldumeðlimi barnanna sem skapar mikið og gott traust hjá fjölskyldum þeirra.

Það var gerð könnun hjá foreldrum á árinu og niðurstöður hennar eru í samræmi við það sem var lagt fram, að foreldrar eru vel upplýstir um starf leikskólans. Starfsfólk leggur sig fram um að ræða við foreldra í lok dags og/eða senda tölvupóst um það helsta sem fer fram. Þetta auðveldar foreldrum til muna að eiga virk samskipti við börnin sín sem og að gera sér grein fyrir þörfum þeirra í lok dags.

Reykjavík, 10.11.2018

Foreldraráð Brákarborgar